

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Flúða.

1. *Almennt.*

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða.

Skattur á smásöluverð á heitu vatni samkvæmt lögum um umhverfis- og auðlindaskatta og virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

2. *Varmaorka.*

2.1 Fast gjald er háð afköstum rennislismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

<i>Fast gjald á mæli</i>	<i>kr./dag</i>
Mælastærð DN 15	49,57
Mælastærð DN 20	60,94
Mælastærð DN 25	79,66
Mælastærð DN 32	100,54
Mælastærð DN 40	119,95
Mælastærð DN 50	200,19

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

2.2 *Rúmmetragjald.*

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkunar á hita vatnsins.

H 1. Almenn heitavatnsnotkun.

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

<i>Sala um mæli</i>	<i>kr./m³</i>
Rúmmetragjald skv. mælingu	88,69

H 2.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað.

Atvinnufyrirtæki til framleiðslu	71,22
----------------------------------	-------

H 3.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

Garðyrkja	32,17
-----------	-------

H 4. *Heimæðagjöld.*

Heimæðagjöld skiptast eftir málstærð heimtaugar.

<i>Heimæðagjöld – almenn</i>	<i>kr.</i>
Málstærð DN 20 mm	219.674
Málstærð DN 25 mm	270.539
Málstærð DN 32 mm	406.274
Málstærð DN 40 mm	811.107
Málstærð DN 50 mm	1.346.905

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök en 50 mm skal reikna sérstaklega.

Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð, umfram 25 m er 1% af heimæðagjaldi.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

<i>Heimæðagjöld – sumarhús</i>	<i>kr.</i>
20 mm	531.402
25 mm	950.851

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 25 m skal reikna sérstaklega.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

Þar sem heimæðagjöld og stofngjöld reiknast sérstaklega greiðast þau þannig að við upphaf verksins greiðist 65% af kostnaðaráætlun og 35% greiðist þegar lagningu er lokið.

3. *Önnur gjöld og ákvæði.*

Gjald fyrir aukaálestur hjá notanda	2.374 kr.
Lokunargjald	4.615 kr.

Við stækkun atvinnuhúsnæðis skal semja sérstaklega um gjald vegna stækkunar á heimtaugum og aukningu á vatnsnotkun.

Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fast gjald sem hér segir:

Fyrir hvern m ³ húsnæðis á mánuði	33,14 kr.
--	-----------

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er í veitustjórn þann 31. október 2018 og af sveitarstjórn Hruna-
mannahrepps 5. nóvember 2018 er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari
breytingum til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr.
10/2018.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. janúar 2019.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.